

Reikningsskilaráð ríkisins

69. Fundur – 8. feb 2023 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Björn Þór Hermannsson.
- Björn Rúnar Guðmundsson frá Hagstofunni.
- Birgir Finnbogason frá Ríkisendurskoðun.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 68. fundar var samþykkt.

2. Ríkisreikningur 2022, staðla og innleiðing frestaðra staðla

Farið var yfir vinnu og tímamörk við gerð Ríkisreiknings fyrir árið 2022. Fjársýslan og Ríkisendurskoðun funda reglulega um framsetningu reikningsins. Verið er að stilla upp yfirliti sem sýnir samstæðu A-hluta í heild og verður það kynnt fyrir ráðinu þegar það liggur fyrir.

3. Erindi beint til ráðsins

Framsetning á skuldbindingum og framlögum til Uppbyggingarsjóðs EES EFTA og til samstarfsáætlana ESB í fjárlögum, ríkisreikningi og fjármálaáætlun

Farið var yfir minnisblað frá vinnuhópi ráðsins um framsetningu skuldbindinga og framlaga.

Ákveðið að ráðið geri almenna bókun um framsetningu samninga og skuldbindinga.

Verið er að skoða framsetningu samninga og skuldbindinga í efnahagsreikningi ríkissjóðs og verður bókun ráðsins kláruð þegar greining liggur fyrir.

4. Ákvarðanir og úrskurðir

Engar ákvarðanir teknar til umræðu.

5. Önnur mál.

- Bundið eigið fé, rætt um leiðir sem færar eru til að leysa upp bundið eigið fé hjá einstökum ríkisaðilum í A-hluta.
- Hagstofan tilgreindi að samningur um birtingu opinberra gagna hafa verið sendur til Fjármálaráðuneytisins.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.

Næsti fundur 22. mars nk.